

Pegasus ehf  
Sóltúni 24  
105 Reykjavík  
einar@pegasus.is

Reykjavík 3. maí 2018  
UST201803-430/G.G.  
09.06.01

### **Efni: Leyfi vegna kvikmyndatöku - Dyrhólaey**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Pegasus kvikmyndagerðar, dagsett 27. mars 2018, um leyfi til kvikmyndatöku í Dyrhólaey, dagana 7. – 23. maí 2018.

Dyrhólaey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 101/1978

#### **Lýsing framkvæmdar:**

Áætlað er að aka kvikmyndabíl eftir vegi að vita á Háey og hugsanlega bifreið sem yrði hluti af leikmynd við vitann. Við vitann verður mögulega settur upp kvikmyndakrani. Sótt er um leyfi til að taka upp atriði á Tónni, ofan við gatkleitinn. Myndaðar verða 2 leikkonur á tali og er gert ráð fyrir að dróni verði notaður við myndatökuna. Björgunarsveitarmenn verða til staðar.

Einnig er sótt um leyfi til að aka fjórhjóli með kerru eftir stíg út á Tóna.

Óskað er eftir leyfi til að fara í eyna fyrir kl. 9 um morguninn.

Gert er ráð fyrir að tókur taki hálfan til einn dag og fjöldi starfsmanna yrði um 100, vinnutrukkar og bílar yrðu á bílastæði. Óskað er eftir leyfi til að loka fyrir umferð ferðamanna upp á Háey meðan á tökum stendur.

#### **Áhrifamat:**

Á tímabilinu maí – 25. júní er Dyrhólaey almennt lokað fyrir allri umferð fólks frá kl. 19:00 – 09:00 vegna fuglavarps. Ákvörðun um lokunina er tekin í byrjun maí og verður hún auglýst. Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnalýsingu, að framkvæmdin muni að öllum líkindum ekki valda röskun á svæðinu. Flug dróna er takmarkað í eyjunni á varptíma fugla. Framkvæmdin mun hugsanlega valda tímabundinni truflun á fuglalífi í eygni og einnig á upplifun gesta á svæðinu þar sem mikill fjöldi ferðamanna er þar dag hvern.

- Umhverfisstofnun hafnar óskum um leyfi til að fara í Dyrhólaey á lokunartíma.
- Umhverfisstofnun bendir á að svæðið úti á Tóna er almennt lokað fyrir umferð og engir göngustígar liggja þangað. Ef brýna nauðsyn ber til veitir Umhverfisstofnun leyfi fyrir akstri fjórhjóls með kerru eftir göngustíg að girðingu sem lokar af svæðinu á Tónni.
- Umhverfisstofnun telur sér ekki heimilt að loka akvegi upp á Háey. Óska þarf heimildar frá Vegagerð og lögreglu vegna lokunar.

### *Skilyrði*

Umhverfisstofnun metur í hvert sinn hvort framkvæmdir kalla á að veitt sé sérstakt leyfi á friðlýstum svæðum. Er þá metið hvort þær kalla á breytingu svæðis af einhverju tagi, jarðrask, truflun á dýralífi eða mannvirkjagerð, sbr. og friðlýsingarskilmála viðkomandi svæðis.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku í Dyrhólaey að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tökum í Háey skal haga með hliðsjón af lokunartíma. Öll umferð er óheimil á lokunartíma í Dyrhólaey.
- Tilkynda skal landverði Umhverfisstofnunar á Suðurlandi hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Fylgja skal leiðbeiningum landvarðar.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega, umfram þann er leyfi þetta nær til, er óheimill.
- Þar sem þarf að fara út fyrir vegi skal það tryggt að það valdi ekki gróðurskemmdum.
- Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf.
- Akstur fjórhjóls utan vegar takmarkast við göngustíg frá vita að girðingu við Tóna.
- Tryggja skal að aðrir gestir svæðisins fari ekki á eftir starfsfólki kvikmyndatökunnar út á Tóna.
- Settar verði upp merkingar á tókustaðnum og/eða starfsmaður verkefnisins verði til staðar og leiðbeini gestum vegna kvikmyndatökunnar. Sérstaklega skal taka fram að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatöku.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Takamarka skal þann tíma sem kvikmyndað er eins og kostur er með tilliti til upplifunar annarra gesta á svæðinu og truflunar á fuglalíf.
- Flugí dróna skal hagað þannig að flogið sé eins fjarri bjarginu eins og kostur er. Jafnframt skal fljúga honum í eins stuttan tíma og hægt er. Ef sýnilegt er að dróninn valdi mikilli truflun á fuglalífinu skal honum lent samstundis.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir að tókum loknum. Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt. Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.


**Leyfisgjald**


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gerð verður grein fyrir kostnaði við afgreiðslu leyfa, vegna verkefnisins Kunlun, í sérstöku bréfi.

**Eftirlit**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,

  
Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Hákon Asgeirsson  
teymisstjóri